



Handbók fyrir formenn og stjórnir deilda og landssambands



6. útgáfa – Vor 2021

Efnisyfirlit

Formáli	3
1. Upphaf og hlutverk Delta Kappa Gamma Society International	4
1.1 Stefnuyfirlýsing Delta Kappa Gamma.....	4
2. Markmið og starfsemi Delta Kappa Gamma.....	5
3. Heiti og tákn samtakanna	5
4. Skipulag og stjórnun samtakanna	6
4.1 Deildir	6
4.2 Landsambönd.....	7
4.3 Alþjóðasamtökin	7
4.4 Svæðaskipting	7
5. Starfsemi Delta Kappa Gamma á Íslandi.....	8
6. Stjórnun deilda.....	8
6.1 Hlutverk og starf formanna deilda	8
6.2 Formannsgögn.....	9
6.3 Skýrslueyðublöð	10
6.4 Hlutverk stjórna.....	10
6.5 Fjármál deilda og hlutverk gjaldkera	10
6.6 Nefndir	11
7. Fundir deilda	12
8. Félagar.....	12
9. Styrkir og viðurkenningar.....	13
10. Útgefin rit á íslensku.....	13
11. Minjagripir og munir	13
12. Vefslóðir	14
13. Íslensk – enskur orðalisti yfir algengustu hugtök.....	14
13.1 Stjórnunarhugtök Delta Kappa Gamma	14
13.2 Siðir – Ceremonies/Rituals.....	15
13.3 Tákn samtakanna.....	15

Formáli

Hér lítur dagsins ljós 6. útgáfa af endurskoðaðri handbók Delta Kappa Gamma. Fyrsta handbókin var gefin út árið 1998 er Sigrún Klara Hannesdóttir og Sigrún Jóhannesdóttir tóku saman ýmis atriði, sem þær töldu að gætu komið að gagni í starfi deilda og landssambands. Handbókin kom svo út árið 2000 og önnur útgáfa árið 2003. Sigrún Jóhannesdóttir sá um endurskoðun og útgáfu þeirra beggja. Þriðja útgáfa handbókarinnar var endurskoðuð árið 2009 af Ingibjörgu Einarsdóttur og Sigrúnu Jóhannesdóttur og birt á vefsíðu samtakanna. Fjórða útgáfa var unnin af féлага- og útbreiðslunefnd 2011-2013 en Elínborg Sigurðardóttir var þá formaður. 5. útgáfa var unnin af stjórn landssambandsins veturinn 2014–2015, en þessi 6. útgáfa var unnin í samstarfi féлага- og útbreiðslunefndar, laganeftndar og stjórnar landssambandsins fyrra hluta árs 2021.

Hafa þarf í huga við notkun handbókarinnar að hún inniheldur almennar upplýsingar og leiðbeiningar en getur aldrei komið í stað þeirra laga og reglugerða, sem félagskonum ber að vinna eftir í starfi samtakanna.

Handbókin þarf að vera aðgengilegt upplýsingarit sem er í sífelldri endurskoðun, þess vegna eru allar ábendingar um frekari endurbætur vel þegnar og óskast sendar á formann Féлага- og útbreiðslunefndar hverju sinni og forseta landsambandsins.

1. Upphaf og hlutverk Delta Kappa Gamma Society International

Delta Kappa Gamma eru alþjóðleg samtök kvenna sem starfa að fræðslumálum. Þau voru stofnuð í Austin í Texas í Bandaríkjunum 11. maí 1929. Frumkvæðið að stofnun samtakanna átti dr. Annie Webb Blanton, kennari við háskólann í Texas og áður fræðslustjóri í Texas. Hún fékk í lið með sér 11 aðrar menntakonur og urðu stofnfélagar því 12 talsins. Þessir stofnfélagar trúðu því að þörf væri fyrir félagsskap þar sem konur í fræðslustörfum gætu sameinast í þeim tilgangi að bæta faglega menntun sína, styrkja kynsystur sínar, hvetja þær til dáða og veita viðurkenningar þeim sem skara fram úr. Einnig var að þeirra áliti mikil þörf fyrir fjárhagsaðstoð til kvenna til frekara náms.

Smátt og smátt stækkuðu samtökin og breiddust út um öll ríki í Bandaríkjunum.

Árið 1952 hófst alþjóðleg útbreiðsla og var fyrsta deildin utan Bandaríkjanna stofnuð í Kanada það ár. Árið 1970 hófst útbreiðsla í Evrópu og var fyrsta deildin stofnuð í Noregi. Nú er starfsemi í 8 Evrópulöndum og hefur verið í:

Noregi frá 1970

Svíþjóð frá 1972

Finnlandi frá 1974

Íslandi frá 1975

Hollandi frá 1976

Bretlandi frá 1977

Þýskalandi frá 1992

Eistlandi frá 2008

Árið 1974 var hafin útbreiðsla í Mið-Ameríku með stofnun deilda í Mexíkó og Guatemala.

Nú er starfsemi í

Mexíkó frá 1974

Guatemala frá 1974

Puerto Rico frá 1976

El Salvador frá 1978

Costa Rica frá 1980

Panama frá 2009

Japan frá 2012



Höfuðstöðvar samtakanna eru í Austin í Texas.

Þar starfa framkvæmdastjóri og starfslið og flestir

fundir stjórnar og framkvæmdaráðs alþjóðasamtakanna og alþjóðlegra nefnda eru haldnir þar.

1.1 Stefnyfirlýsing Delta Kappa Gamma

Meginhlutverk samtakanna hefur alltaf verið að efla félagskonur á öllum þeim sviðum sem máli skipta í lífi og starfi kvenna í fræðslustörfum. Styrkur samtakanna felst meðal annars í fjölbreytni þeirra og alþjóðatengingu. Hlutverkið er orðað í stuttri og skorinorðri stefnyfirlýsingu (mission statement) samtakanna sem hljóðar svona í íslenskri þýðingu.

Alþjóðasamtökin Delta Kappa Gamma stuðla að auknum fræðilegum og persónulegum þroska kvenna í fræðslustörfum og gæðum í menntun og uppeldisstörfum.

2. Markmið og starfsemi Delta Kappa Gamma

Við stofnun samtakanna árið 1929 voru starfseminni sett markmið sem enn eru í fullu gildi og móta starfið á hverjum tíma. Markmiðin eru sigild en starfshættir þurfa stöðugar endurskoðunar við.

Markmiðin hljóða svo í íslenskri þýðingu:

1. *Að efla tengsl kvenna sem vinna að menntamálum/fræðslumálum víðs vegar í heiminum*
2. *Að heiðra konur sem standa eða hafa staðið frammarlega á einhverju sviði menntamála eða eru að vinna markverð störf í þágu þeirra*
3. *Að efla starfsáhuga og stöðu kvenna í fræðslustörfum*
4. *Að stuðla að æskilegri lagasetningu og styðja hvers konar viðleitni til umbóta í menntamálum almennt og fyrir konur í fræðslustörfum*
5. *Að veita konum sem skara fram úr í menntamálum styrki til framhaldsnáms í háskóla og styrkja konur í fræðslustörfum utan samtakanna*
6. *Að efla persónulegan og faglegan þroska félagskvenna og hvetja þær til virkni*
7. *Að fræða félagskonur um það sem er efst á baugi í efnahagsmálum, félagsmálum, stjórnmálum og menntamálum og stuðla með því að vaxandi skilningi og virkri þátttöku þeirra í samfélagi þjóðanna*

Hver deild starfar sjálfstætt en tekur mið af ofangreindum markmiðum og lögum samtakanna.

3. Heiti og tákn samtakanna

Samtökin heita *The Delta Kappa Gamma Society International*. Á íslensku hafa þau fengið heitið Delta Kappa Gamma – Félag kvenna í fræðslustörfum, skammstafað DKG.

Heitið Delta Kappa Gamma er fengið úr gríska stafrófinu og er skammstöfun fyrir þrjú grísk orð:

- Didascotiki sem merkir kennari
- Kleidouchi sem merkir lykill
- Gynaikes sem merkir konur

Nafnið stendur fyrir lykilkonur í fræðslustörfum.

Ýmis önnur tákn eru notuð í starfsemi samtakanna og eru þau hluti af starfshefðum. Helsta táknið er *félagslykillinn*, gyllt sporöskjulöguð barmnæla, sem hver félagskona fær afhenta þegar hún gengur í samtökin. Ýmsar aðrar nælur eru notaðar sem tákn um stöðu þeirra sem bera þær, svo sem *nælur formanns deildar og forseta landssambands, einnig eru nælur fyrir fyrrverandi forseta og fyrrverandi formenn*.



Félagslykillinn táknar skipulag og virkni í starfi. Í miðju eru grísku stafirnir delta, kappa og gamma. Yfir þeim er lærviðarkrans sem tákn fyrir stöðu þeirra kvenna sem bera lykilinn. Undir stöfunum er bikar sem tákn

þekkingar og fræðslustarfs. Lykillinn er borinn á öllum fundum og ráðstefnum samtakanna en einnig eru félagar hvattir til að bera hann við önnur tækifæri. Lykilinn á að bera yfir hjartastað (á vinstra barmi) í lóðréttri stöðu. Önnur merki og tákn, svo sem næla formanns og landsforseta, á að staðsetja neðan við félagslykilinn.

Ef félagi hættir eða fellur frá er ætlast til að lyklinum sé skilað og má deildin þá ráðstafa honum að nýju. Lykiltáknið má aðeins nota á gögn samtakanna.

Litir samtakanna eru rauður og gylltur. Rauði liturinn er tákn þess hugrekks sem þarf til þess að ná árangri. Gyllti liturinn er litur tryggðarinnar sem ætlast er til að konur beri hver til annarrar og til hugsjóna samtakanna.

Blóm samtakanna eru rauðar rósir sem endurspeglar andríki og sköpunargáfu. Rósirnar prýða inntökuathafnir og aðrar formlegar samkomur. Þeim er gjarnan komið fyrir í gylltri skál eða vasa. Rósirnar má nota til að færa þakkir þeim sem koma með framlag á fundum og þingum.



Skjaldarmerki samtakanna er rauður skjöldur með gylltum borða. Þrjár rósir á borðanum táknar hugsjónir samtakanna, vináttu, trúmennsku og hjálpssemi. Lampinn sem logar og opna bókina á skildinum undirstrika fræðimennsku og þekkingu. Lárviðarsveigarnir eru hin hefðbundnu tákn afreka og heiðurs.

Táknin eru mikilvægur þáttur í starfseminni. Þau tengja saman nútíð og fortíð, auka á virðuleika og stemmningu og efla alþjóðlega samkennd.

Viðbótarupplýsingar um heiti, tákn og siði má finna í *handbók* (Go to guide) og *siðabók* (ceremonies) en einnig í ýmsum kynningarritum á vefsíðu alþjóðasamtakanna : <http://dkg.org>

4. Skipulag og stjórnun samtakanna

Samtökin starfa á þremur stjórnskipulagsstigum sem eru *deild*, *landssamband* og *alþjóðasamtök*. Þau lúta öll svipuðu innra skipulagi og verða nýjar félagskonur strax aðilar að öllum þeirra. Til viðbótar er samtökunum skipt upp í fimm landfræðileg samstarfssvið sem nefnast *svæði* og markast þau af landfræðilegum samstarfsmöguleikum.

Allt skipulag og stjórnun samtakanna miðar að því að virkja félagar og veita þeim tækifæri til að láta að sér kveða. Kosið er í stjórnir á tveggja ára fresti og einnig endurnýjað í flestum nefndum og ráðum. *Lög og reglugerðir* samtakanna eru grunngögn um alla stjórnun Delta Kappa Gamma.

4.1 Deildir

Deildir eru grunneining samtakanna og þar fer mestöll fagleg starfsemi fram. Deildir eru aðilar að landssambandi og landssamband er aðili að svæði og alþjóðasamtökunum. Lágmarksfjöldi félaga í deild er 12 konur. Ekkert hámark er í lögum en deildir skilgreina sjálfar þann fjölda sem þeim finnst eðlilegt að miða við.

Deildir kjósa sér *formann og stjórn* á aðalfundi á tveggja ára fresti þegar ártalið er slétt tala. Hlutverk stjórnarinnar er að sjá um starfsemi deildarinnar og leiða starfið frá mánuði til mánaðar. Með stjórninni starfar *gjaldkeri* til að sjá um fjármál deildarinnar.

Stjórnin heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og skipar í nefndir og ráð.

Sjá einnig lög og reglugerðir landssambandsins varðandi stjórnar- og formannskjör og hlutverk þeirra (6. lagagr.) og handbækur alþjóðasamtakanna fyrir formenn, gjaldkera og ýmsar nefndir.

4.2 Landsambönd

Landssamband er sameiginlegur vettvangur allra deilda hvers ríkis og veitir deildum upplýsingar og þjónustu. Landssambandið annast samskipti við alþjóðasamtökin, sér um stofnun nýrra deilda og skipuleggur og annast landssambandsþing og sameiginlegar ráðstefnur. Flest landssambönd gefa út fréttabréf.

Skipulag landssambandsstjórnar er tvíþætt, þ.e. stjórn sem leiðir starfið frá mánuði til mánaðar og framkvæmdaráð sem tekur þátt í stærri ákvörðunum (7. lagagr.). Stjórn og forseti landssambandsins eru kosin á landssambandsþingi á tveggja ára fresti þegar ártalið er oddatala. Framkvæmdaráð er síðan myndað af stjórn, gjaldkera, formönnum deilda, lögsögumanni landssambandsins og fráfaramandi forseta landssambandsins. Það skal koma saman a.m.k. einu sinni á ári. Sjá nánar í lögum og reglugerðum.

4.3 Alþjóðasamtökin

Skipulag og stjórnun alþjóðasamtakanna er að mörgu leyti með svipuðum hætti og hjá deild og landssambandi. Í *stjórn* alþjóðasamtakanna sitja, auk kjörinna stjórnarkvenna, svæðisstjórar allra fimm svæðanna. *Framkvæmdaráð* alþjóðasamtakanna er myndað af stjórn þeirra og öllum forsetum landssambandanna. *Alþjóðþing* er haldið annað hvert ár, þegar ártalið er jöfn tala, oftast í Bandaríkjunum. Þetta þing er í raun aðalfundur samtakanna þar sem kosin er ný stjórn og forseti. Einnig fer þar fram mikil fagleg umræða og kynning.

Gerður er greinarmunur á hugtakinu þing (convention) sem notað er um aðalfundi þar sem fara fram aðalfundarstörf og ráðstefnu (conference) sem notað er um aðrar faglegar ráðstefnur.

Höfuðstöðvar alþjóðasamtakanna eru í Austin í Texas. Þar hefur forseti samtakanna skrifstofu og þaðan er samtökunum stjórnað. Einnig er þar launað starfslið með framkvæmdastjóra. Starfandi eru margar alþjóðlegar nefndir með fulltrúum allra svæða sem koma saman í höfuðstöðvunum í Austin í Texas. Nokkrar íslenskrar félagskonur hafa setið í alþjóðlegum nefndum og stjórnnum og í fyrsta skipti á alþjóðþingi 2008 var kona frá Evrópu kosin í stjórn alþjóðasamtakanna, Sigrún Klara Hannesdóttir úr Alfadeild.

Alþjóðasamtökin sjá um stjórnun og ýmsa þjónustu við landssambönd og deildir. Þau gefa út fréttabréfið, DKG- News, sex sinnum á ári. Þar er að finna ýmsar fréttir, kynningar á því sem er efst á baugi og ávarp frá forseta samtakanna. Einnig gefa samtökin út tvö tímarit um menntamál. Annað þeirra er The Delta Kappa Gamma Bulletin, ritrýnt tímarit sem gefið er út rafrænt þrisvar sinnum á ári. Hitt er The Delta Kappa Gamma Bulletin Collegial Exchange sem kemur út tvisvar á ári og er sent til allra félagskvenna. Í því tímariti er að finna ýmsar greinar um skólamál á breiðum grunni og efni sem varðar starfsemi DKG. Auk þessara tímarita gefa ýmsar nefndir alþjóðasamtakanna út fréttabréf nokkrum sinnum á ári. Öll þessi tímarit má finna á vefsíðu samtakanna undir flokknum Publication. <http://www.dkg.org>

4.4 Svæðaskipting

Landssamböndin skiptast á fimm svæði eftir landfræðilegri legu. Svæðaskiptingin er ekki hluti af stjórnskipulagi samtakanna heldur gegna svæðin því hlutverki að vera sameiginlegur vettvangur um menntamál landa/svæða sem eiga ýmislegt sameiginlegt vegna landfræðilegrar legu. Stjórn alþjóðasamtakanna ákveður fjölda svæða sem nú eru orðin fimm talsins. Þessi fimm svæði eru Norðaustursvæðið, Norðvestursvæðið, Suðaustursvæðið og Suðvestursvæðið í Bandaríkjunum. Evrópa sem er fimmta svæðið varð sérstakt svæði á alþjóðþingi í Dallas 1998. Sérstakur *svæðisstjóri* fyrir hvert svæði er kosinn á alþjóðþingi af landsforsetum viðkomandi svæðis.

Annað hvert ár, þegar ártalið er oddatala, eru haldnar nokkrar alþjóðaráðstefnur á mismunandi svæðum í Bandaríkjunum og einnig er ein slík haldin í Evrópu. *Ráðstefnurnar* eru venjulega í júlí og fyrstu vikuna í ágúst. Þessar ráðstefnur hafa fyrst og fremst það markmið að vera alþjóðlegur, faglegur vettvangur

félagskvenna þar sem menntamál eru rædd en einnig fer fram margvísleg kynning á umhverfi og aðstæðum gestgjafanna hverju sinni. Evrópusvæðisráðstefna var haldin á Íslandi árið 2003 og alþjóðaráðstefna var haldin árið 2019. Í tengslum við ráðstefnurnar eru einnig haldin sérstök *stjórnunarnámskeið* m.a. fyrir *nýkjörna forseta landssambandanna* á viðkomandi svæði. Sjá nánar í handbókum, lögum og reglugerðum alþjóðasamtakanna.

5. Starfsemi Delta Kappa Gamma á Íslandi

DKG á Íslandi hóf starfsemi í Reykjavík 7. nóvember 1975.

1. Alfadeild í Reykjavík var stofnuð 1975
2. Betadeild á Norðurlandi var stofnuð 1977
3. Gammadeild Reykjavík og nágrenni var stofnuð 1977
4. Deltadeild á Vesturlandi var stofnuð 1987
5. Epsilondeild á Suðurlandi var stofnuð 1989
6. Zetadeild á Austurlandi var stofnuð 1990
7. Etadeild í Reykjavík og nágrenni var stofnuð 1997
8. Petadeild á Suðurnesjum var stofnuð 1998
9. Iotadeild á Vestfjörðum var stofnuð 2004
10. Kappadeild í Reykjavík og nágrenni var stofnuð 2007
11. Lambdadeild í Reykjavík og nágrenni var stofnuð 2010
12. Mýdeild á Akureyri og nágrenni var stofnuð 2011
13. Nýdeild á Norðvesturlandi var stofnuð 2017

Landssamband deildanna var stofnað 28. mars 1977, en á þeim tíma tíðkaðist að stofna landssamband sérstaklega. Í seinni tíð hefur sú regla viðgengist að fyrsta deild sem stofnuð er, gegnir hlutverki landssambands og því er í skjölum alþjóðasambandsins skráð að landssambandið á Íslandi sé stofnað 7. nóvember 1975 um leið og fyrsta deildin, Alfadeild, var stofnuð.

Landssvæðaskiptingin fyrir deildirnar hefur verið þessi: Reykjavík og nágrannasveitarfélög mynda eitt svæði, Suðurnes mynda annað svæði, að öðru leyti skiptast félagssvæði eftir landshlutum.

Í Delta Kappa Gamma á Íslandi hefur mest verið lagt upp úr því að félagið sé til hagsbóta fyrir félagskonur sjálfar. Þær greiða árlegt félagsgjald sem skiptist á milli landssambands og alþjóðasamtakanna. Einnig hafa sumar deildir ákveðið árgjald sem greitt er bara til deildarinnar. Lög samtakanna kveða á um gjald til landssambands og alþjóðasamtakanna en hver deild ákveður það gjald sem hún leggur á félagana fyrir eigin starfsemi ef um slíkt er að ræða.

Landssambandið er sameiginlegur vettvangur og felst starfsemi þess í að styrkja starf deildanna með ýmsum hætti svo sem sameiginlegum þingum og ráðstefnum, fundum framkvæmdaráðs, námskeiðum, upplýsingagjöf, útgáfu fréttabréfs, viðhaldi vefsíðu og samskiptum við alþjóðasambandið. Delta Kappa Gamma á Íslandi hefur gefið út fréttabréf frá 1979 sem nú er birt á vefsíðu samtakanna tvisvar á ári. Einnig hefur landssambandið þýtt, staðfært og gefið út *lög og reglugerðir*, uppfært og gefið út félagatal, handbók og ýmis fleiri gögn. Á tveimur stórafmælum, 20 ára og 30 ára hafa komið út sérstök afmælisrit.

6. Stjórnun deilda

6.1 Hlutverk og starf formanna deilda

Formaður deildar er kosinn til tveggja ára á aðalfundi. Hann er tengiliður stjórnar landsambandsins við eigin deildarkonur. Hann sér um að upplýsa og fræða um það sem er efst á baugi innan samtakanna bæði innanlands og á alþjóðavettvangi.

- Formaður stjórnar fundum deildar og stjórnar. Hann situr í framkvæmdaráði landssambandsins og kemur fram fyrir hönd deildarinnar út á við
- Formaður staðfestir fundargerðir og ber ábyrgð á fundargerðarbókum
- Formaður skipar í nefndir í samráði við stjórn deildar
- Formaður er ásamt gjaldkera ábyrgur fyrir fjármálum deildar
- Formaður skal veita samþykki fyrir útgjöldum og útgáfu efnis á vegum deildarinnar
- Formaður skal annast skýrslugerð til landssambands og alþjóðasamtaka
- Formaður skal tryggja að gögn sem snerta starfsemi og rekstur deildar séu aðgengileg. Sjá lið 6.2.
- Formaður skal tryggja að þessi gögn gangi til næsta formanns
- Formanni ber að grísa gögn og sjá til þess að gögn eldri en tveggja ára séu send til Kvennasögusafns Íslands. Formanni ber að kynna sér þau gögn sem snerta samtökin og starfsemi þeirra og vera fær um að kynna almennum félögum þær reglur sem gilda
- Formanni ber að kynna breytingar á skipan stjórnar á kjörtímabilinu til landssambands og höfuðstöðvanna
- Formanni ber að panta félagsskírteini (inngönguskírteini), nælur og kynningargögn frá höfuðstöðvum (eða frá gjaldkera landssambands) í tæka tíð fyrir inntöku nýrra félaga
- Formanni ber að sitja fundi framkvæmdaráðs landssambands, geti hann ekki mætt ber honum að tryggja að varamaður mæti í forföllum
- Formaður ber ábyrgð á eignum deildarinnar, sér um að kaupa inn eða fá lánaða þá muni sem deildin þarf að nota vegna starfseminnar og að haldin sé eignaskrá
- Formaður ber ábyrgð á að halda mætingaskrá og halda skrá um heiðursfélaga
- Formaður skal greina samsetningu félaga í deild og gera með félagskonum áætlun um á hvaða sviðum, aldri og öðrum skilgreinandi þáttum skuli leitað nýrra félaga
- Formaður skal meta hvort starfsemi deildarinnar er til þess fallin að félagar hafi áhuga á að taka þátt og séu reiðubúnir til að hvetja nýja félagar til þátttöku

Ábyrgð formanns er víðtæk og mikilvægt að hann virki stjórn og deildarkonur til samstarfs.

6.2 Formannsgögn

Mikið er til af gögnum á íslensku og léttir það starfið:

1. Lög landssambands DKG á Íslandi (dkg.is/Um DKG/lög og reglur)
2. Reglugerð við lög landssambands DKG á Íslandi (dkg.is/Um DKG/lög og reglur)
3. Handbók formanns ásamt ýmsum gögnum á vefsíðu (dkg.is/deildastarfið/Efni fyrir formenn)
4. Gátlisti fyrir formenn eftir árshelmingum (dkg.is/deildastarfið/Efni fyrir formenn)
5. Glærukynning Sigrúnar Klöru Hannesdóttur á samtökunum (dkg.is/Efni fyrir formenn)
6. Inntaka nýra félaga (dkg.is/Efni fyrir formenn)
7. Fréttabréf landssambandsins (dkg.is/Útgáfa og fréttabréf/Íslenska fréttabréfið)
8. Fréttabréf forseta (dkg.is/Útgáfa og fréttabréf/Fréttabréf forseta)
9. Námsstyrkjasjóður (dkg.is/styrkir/Námsstyrkjasjóður)
10. Umfjöllun um erlenda styrki (dkg.is /styrkir)

Síðan eru ýmis gögn á síðu alþjóðasamtakanna og eru formenn hvattir til að skoða síðuna vel í upphafi starfs síns.

11. Tilkynning um nýja félagskonu Form 81 (dkg.org/DKGMember/forms/Membership)
12. Tilkynning um andlát félagskonu Form 6 (dkg.org/DKGMember/forms/Membership)
13. Tilkynning um stjórn og starfsmenn deildar Form 110 (dkg.org/DKGMember/Forms/Reports)
14. Skýrsla um látnar félagskonur í deild Form 2 (dkg.org/DKGMember/Forms/Reports)
15. DKG news, Presidents page, Bulletin journal, Collegial Exchange og fleiri rit eru á dkg.org/Publications.

6.3 Skýrslueyðublað

Formenn deilda bera ábyrgð á að skila inn skýrslum sem lög og reglugerð kveða á um til forseta landssambandsins og fleiri aðila.

Helstu skýrslur eru þessar:

1. Skýrsla formanns deildar, fyrra og síðara ár skal send forseta mánuði fyrir landssambandsþing. Formaður ber ábyrgð á að afla upplýsinga frá fyrri formanni.
2. Skýrsla um látna félaga, fyrra og síðara ár. Það er mikilvægt að senda þessa skýrslu, sem heitir Necrology report, vegna þess að látinna félagskvemma er minnst á þingum alþjóðasambandsins. Eyðublað er á vefsíðu alþjóðasamtakanna undir liðnum Forms/Reports/Chapter Necrology Report-Form 2. Skýrslunni skal skilað fyrir 1. febrúar ár hvert. Við andlát skal fyllt út eyðublað sem er á dkg.org undir forms/membership/form 6 Report of a death of a member. Á eyðublaðunum kemur fram hvert á að senda þau.
3. Skýrslur nefnda sem starfa á vegum deildar skal send forseta mánuði fyrir landssambandsþing.
4. Skýrsla eða tilkynning um nýja stjórn. Upplýsingar um nýja stjórn deildar þurfa að berast landssambandsforseta og félaga- og útbreiðslunefnd sem fyrst eftir kjör, en ekki síðar en 1. júlí.
Sjá eyðublað á vef alþjóðasamtakanna í kafla 6.2

6.4 Hlutverk stjórna

Stjórn deildar annast allan almennan rekstur deildarinnar. Mikilvægt er að stjórnarkonur vinni vel saman og skipti með sér verkum.

Samkvæmt lögum eru helstu hlutverk stjórnarinnar þessi:

- Varaformaður eða 2. varaformaður (meðstjórnandi) gegnir störfum formanns í forföllum og öðrum þeim störfum sem formaður felur honum
- Ritari ritar fundargerðir stjórnar og deildarfunda og annast bréfaskriftir í samráði við formann
- Gerir tillögur um stefnu og vinnutilhögun deildarinnar
- Velur gjaldkera

6.5 Fjármál deilda og hlutverk gjaldkera

Félagsgjöld halda uppi starfsemi samtakanna. Hver virkur félagi greiðir félagsgjald samkvæmt samþykkt aðalfundar hverju sinni og af því gjaldi fer ákveðin upphæð til alþjóðasamtakanna.

Hlutverk gjaldkera:

- Fara eftir reglum um meðhöndlun fjár félagsins
- Greiðir reikninga sem formaður samþykkir
- Sér um innheimtu félagsgjalda
- Bókar reikninga félagsins og gerir ársreikning
- Leggur fram endurskoðaða reikninga á aðalfundi

Sjá einnig 6. gr. laga DKG

Leiðbeiningar fyrir gjaldkera deilda:

- Félagsárið er 1. júlí til 30. júní
- Félagsgjöld til landssambands eru ákveðin á aðalfundi landssambands
- Sá hluti félagsgjalds sem rennur til deildar er ákveðinn á aðalfundi deildar
- Mikilvægt er að deildir eigi sína kennitölu og bankareikninga í eigin nafni og kennitölu
- Gjaldkerar ásamt formönnum deilda bera ábyrgð á innheimtu félagsgjalda
- Gjaldkeri sér um að innheimta félagsgjöld fyrir 30. júní ár hvert
- Gjaldkeri sér um að merkja við félagskonur sem hafa staðið skil á félagsgjaldi, á vef alþjóðasamtakanna - [sjá leiðbeiningar](#)

- Aðeins má merkja við félagskonur sem staðið hafa í skilum á félagsgjaldi
- Ekki gert ráð fyrir að félagskonur greiði hálf gjald - undantekning, sjá 3 gr laga DKG
- Mikilvægt er að hafa samband við þær sem ekki hafa staðið í skilum á félagsgjöldum og athuga hvort þær ætla að halda áfram í samtökunum
- Gjaldkeri sendir yfirlit yfir félagskonur sem hættar eru í samtökunum til gjaldkera landssambands og alþjóðaskrifstofu mem@dkg.org – *sjá Form 18 Report of members dropped*
- Fyrir 31. júlí þegar allar félagskonur hafa staðið í skilum er hlutur landssambands lagður inn á reikning þess 546 26 2379 kt. 491095-2379 og listi yfir félagskonur sendur til gjaldkera landssambands
- 1. ágúst er sent ítrekunarbréf frá alþjóðaskrifstofu til félagskonu sem ekki hefur staðið í skilum á félagsgjaldi og ekki hefur verið tilkynnt að hafi hætt í samtökunum
- 1. september er sent annað ítrekunarbréf
- 1. október fellur sú félagskona af félagalista, sem ekki hefur hefur staðið í skilum á félagsgjaldi

Nýir félagar:

- Gjaldkeri skráir nýja féлага á heimasíðu alþjóðasamtakanna – [sjá leiðbeiningar](#).
- Hægt er að finna félagsskírteini á vef alþjóðasamtakanna, setja inn mynd og prenta út, með því að skrá sig inn og **velja MyDKG/My Account/Membership Card**

Sjá einnig 4. grein laga DKG.

Allar upplýsingar og eyðublöð fyrir gjaldkera má finna á heimasíðu alþjóðasamtakanna www.dkg.org Þar er einnig hægt að finna leiðbeiningar fyrir gjaldkera með því að skrá sig inn og velja *MyDKG/My Account/Chapter Connect* – sjá neðarlega á síðunni.

Eyðublöð:

- *Form 18A Report of members dropped* sendist til alþjóðaskrifstofu mem@dkg.org gjaldkera landssambands og féлага- og útbreiðslunefndar.
- *Form 87 Change of Treasurer* sendist til alþjóðaskrifstofu mem@dkg.org og gjaldkera landssambands.

Leiðbeiningar fyrir greiðslu félagsgjalda og skráningu nýrra féлага á vef:

- Skráið ykkur inn á www.dkg.org með ID númeri ykkar og notendanafni ([Efni fyrir formenn | Delta-Kappa-Gamma. Félag kvenna í fræðslustörfum \(dkg.is\)](#))
- Farið með bendilinn yfir MyDKG, þá birtist vallisti
- Veljið My Account
- Veljið Chapter Connect
- Veljið Pay Dues
- Þarna eigið þið að fá lista yfir félagskonur í ykkar deild og þar getið þið **hakað við** þær sem hafa staðið í skilum á félagsgjaldi og **skráð nýja féлага**

6.6 Nefndir

Fastanefndir landssambands og deilda skulu sinna skyldum sínum í samræmi við lög og reglugerðir alþjóðasamtakanna. Um hlutverk fastanefnda fer skv. handbók alþjóðasamtakanna. Auk fastanefnda má stofna til vinnunefnda um einstök verkefni samkvæmt ákvæðum í reglugerð bæði á vegum landssambands og deilda. Félagskonur mega ekki sitja í sömu fastanefnd lengur en tvö tímabil í röð.

Eftirtaldir fastanefndir starfa á vegum landssambandsins:

- laganefnd
- féлага- og útbreiðslunefnd
- menntamálanefnd
- námsstyrkjanefnd
- samskipta- og útgáfunefnd
- uppstillingarnefnd

Sjá nánar um starfssvið fastanefnda í 8. lagagrein og 6. grein reglugerðar.

7. Fundir deilda

Delta Kappa Gamma samtökin veita konum tækifæri til þess að ræða uppeldis- og fræðslumál á öllum skólastigum og almennt. Eitt markmið þeirra er að hafa áhrif á löggjöf um menntamál. Samtökin skapa alþjóðleg tengsl milli kvenna sem starfa að kennslu og rannsóknarstörfum og auðvelda leiðir til skoðanaskipta og fræðslu, bæði heima og erlendis. Einnig stuðla þau að auknum persónulegum þroska félagskvenna, gefa þeim tækifæri til að eflast sem leiðtogar og leitast við að styrkja þær til góðra verka í samfélaginu.

Vettvangur alls þessa er fyrst og fremst fundir hvernar deildar. Mikilvægt er að þeir séu vel undirbúnir og vel stjórnað þannig að þeir þjóni tilgangi sínum. Eftirfarandi gátlisti getur verið formanni til leiðsagnar um skipulagningu funda.

- Formaður stýrir fundi eða skipar aðra félagskonu í það starf
- Ritari deildarinnar annast fundarritun
- Formaður deildar setur fund
- Formaður eða einhver sem hún tilnefnir kveikir á þremur rauðum kertum sem standa í gylltum stjökum. Kertin eru táknið um einkunnarorðin þrjú: vináttu, trúmennsku og hjálpsemi. ("Ég kveiki á kerti vináttunnar, ég kveiki á kerti trúmennskunnar og ég kveiki á kerti hjálpseminnar")
- Lesa markmið samtakanna eins og þau eru í lögnum. Skoða hvernig deildin er að vinna að þeim og hvar áherslurnar liggja hverju sinni
- Orð til umhugsunar (t.d. hugleiðing sem tengist einhverju markmiði samtakanna.)
- Nafnakall. Ritari deildarinnar nefnir nöfn allra kvenna sem eru í deildinni og merkir við hvort þær eru viðstaddar eða hvort af þeim eru einhverjar fréttir. Halda skal skrá yfir mætingar
- Á hverjum fundi er lesin fundargerð síðasta fundar eða fundargerð samþykkt hafi henni verið dreift fyrir fund
- Skýrslur, fréttir frá landssambandi og erindi af alþjóðavettvangi þurfa tíma á fundinum
- Önnur dagskrá
- Þegar dagskrá er lokið er slökkt á kertunum og fundi slitið formlega

8. Félagar

Konur eru boðin þátttaka í Delta Kappa Gamma. Engin getur sótt um inngöngu. Konur skulu hafa a.m.k. þriggja ára reynslu á sviði menntamála (sjá reglugerð 1. grein C). Þær sem teknar eru inn í samtökin hljóta strax réttindi sem félagar í deild, landssambandi og alþjóðasamtökunum. Hver deild velur sína félaga og ber að leitast við að fá fulltrúa frá sem flestum stigum fræðslukerfisins frá leikskóla til háskóla, svo og konur sem starfa við fræðslu eða stjórnun í menntakerfinu og utan þess. Gjaldgengar í samtökin eru konur sem starfa við fræðslumál í víðasta skilningi. Þær konur, sem boðin eru þátttaka, þurfa að hafa sýnt frumkvæði, vera ábyrgar í starfi sínu og í einu og öllu að vera verðugir fulltrúar kvenna í fræðslustörfum. Vanda ber val kvenna í deildir. Stjórn deildarinnar leitar eftir tillögum um nýja félaga og þarf að gæta þess að eining sé í deildinni um nýja félaga áður en viðkomandi tillaga er borin upp til atkvæðagreiðslu á fundi. Þetta er nauðsynlegt til að forðast átök og árekstra eftir á.

Styrkur og virkni deilda fer eftir því hversu mikinn þátt félagskonur taka í störfum samtakanna. Geti félagskona ekki mætt á deildarfund ber henni að tilkynna forföll og gera grein fyrir fjarveru sinni. Komi í ljós verulegar fjarvistir ber formanni að kanna ástæður og hvetja félagskonu til virkni að nýju. Fari svo að hún vilji hætta ber henni að senda formlegt bréf með úrsögn til formanns deildar og afrit til forseta landssambandsins. Einnig ber henni að skila félagsnælu og öðrum gögnum sem tilheyra deildinni til stjórnar. Litið er svo á að félagi sem ekki greiðir gjald til samtakanna þrátt fyrir ítrekun segi sig úr samtökunum og er hann fjarlægður af félagalista eftir 1. október. Sjá 3. lagagrein og 1. grein reglugerðar.

9. Styrkir og viðurkenningar

Hluti af félagsgjaldi hvers félaga (1 dollari) rennur í námsstyrkjasjóði samkvæmt lögum, sjá 10. gr. Íslenski námsstyrkjasjóðurinn hefur ekki haft mikið fé til umráða en þó hefur verið veitt úr honum til ýmissa verkefna. Sjá úthlutunarreglur á heimasíðu samtakanna <http://dkg.is>

Í krafti stærðar sinnar veita alþjóðasamtökin miklum fjármunum til *styrkja og viðurkenninga* bæði til félagskvenna og einnig annarra kvenna. Allar upplýsingar um þessa styrki eru birtar í *DKG – News* en einnig má finna upplýsingar og umsóknareyðublöð á vefsíðu alþjóðasamtakanna og í alþjóðlegu handbókinni og á heimasíðu landssamtakanna.

Einnig eru ýmsir *sjóðir* í eigu alþjóðasamtakanna sem styrkja félagskonur á námskeið sem haldin eru til að efla stjórnunar- og leiðtogahæfni félagskvenna. Má þar nefna Golden Gift sjóðinn sem greiðir allan kostnað við tveggja vikna námskeið á vegum samtakanna við ríkisháskólann í Austin í Texas en einnig eru haldin styttri námskeið í tengslum við alþjóðþing. Nokkrar íslenskar konur hafa sótt námskeiðin í Texas.

Mælt er með því að félagskonur útbúi jafnóðum ferilskrá um störf sín í samtökunum því hennar getur verið krafist við umsóknir um styrki.


Deildir þurfa að koma á framfæri við landssambandsstjórn upplýsingum um þá félaga sem ljúka doktorsprófi en þær eru heiðraðar á alþjóðþingum.

10. Útgefin rit á íslensku

Enska er hið opinbera tungumál samtakanna og allt efni sem alþjóðasamtökin gefa út er á ensku. Til að auðvelda starfsemina á Íslandi hefur landssambandið gefið út ýmis rit á íslensku sem sjá má á heimasíðu samtakanna.

- *Lög og reglugerðir* voru þýdd og *staðfærð* og hafa verið endurskoðuð eftir þörfum
- Handbók fyrir formenn og stjórnir
- Fréttabréf, hefur komið út að jafnaði tvisvar á ári og er nú birt á heimasíðu samtakanna
- Kynningarbæklingur um hlutverk og starfsemi
- Félagatal er gefið út rafrænt
- Vefsíða samtakanna er samnefnari fyrir alla ofantalda þætti en einnig er hún vettvangur fyrir upplýsingamiðlun landssambands og deilda. Þar er að finna ýmis gögn bæði á vegum landssambandsins og einnig hefur hver deild sinn vettvang á vefsíðunni <http://dkg.is>
- Í tengslum við tuttugu ára afmæli landssambandsins 1997 var gefið út afmælisritið “Félag kvenna í fræðslustörfum 20 ára.” Þar er rakin saga Delta Kappa Gamma á Íslandi fyrstu 20 árin og er þar að finna mikilvægar upplýsingar um starfsemina ásamt myndum Sjá má ritið hér: [Scanned Image \(dkg.is\)](http://dkg.is)

Þegar landssambandið átti 30 ára afmæli árið 2007 var gefið út afmælisritið „Þekking – Þjálfun – Þroski“, bók með ritrýndum fræðigreinum 28 félagskvenna. Hægt er að nálgast ritið hér: [https://baekur.is/bok/001021521/THekking - _thjalfun -](https://baekur.is/bok/001021521/THekking_-_thjalfun_-)



11. Minjagripir og munir

Ýmsir munir til gjafa og annarra nota hafa verið hannaðir og framleiddir með merkjum og táknum samtakanna. Hérlandis hefur landssambandið ýmist flutt inn eða látið hanna þessa muni en einnig hafa einstaka deildir útbúið muni til eigin nota.

12. Vefslóðir

Ísland

<http://dkg.is>

Alþjóðasamtökin

<http://dkg.org>

Evrópuvefur

<http://dkgeurope.org>

Bretland

<http://www.dkgeb.org.uk/>

Finnland

<http://www.deltakappagamma.org/finland/>

Holland

<http://www.deltakappagamma.nl>

Noregur

<http://www.deltakappagamma.no>

Svíþjóð

<http://www.dkgsweden.com/>

Þýskaland

<http://www.dkgger.de/>

Eistland

<http://dkgeesti.weebly.com/>

13. Íslensk – enskur orðalisti yfir algengustu hugtök

13.1 Stjórnunarhugtök Delta Kappa Gamma

Stefnuýfirlýsing - Mission statement

Markmið – Goals

Lög alþjóðasamtakanna – International Constitution

Reglugerðir alþjóðasamtakanna – International Standing Rules

Lög einstakra ríkja – State Bylaws

Höfuðstöðvar - Headquarters

Þrjú stjórnstig - Three Levels of Governance

1. Alþjóðasamtök – International society

Alþjóðaforseti - International president

Fyrsti varaforseti - International First Vice-President

Annar varaforseti – International Second Vice-President

Stjórn – Administrative board

Framkvæmdaráð - Executive board

Kjörnir fulltrúar – International Officers

Ritari – Recording Secretary

Bréfritari – Corresponding Secretary

Gjaldkeri – Treasurer

Lögsögumaður - Parliamentarian

Alþjóðáþing – International Convention

2. Landssamband - State organisation

Formaður landssambands - State president
Fyrsti varaforseti - First Vice-President
Annar varaforseti – Second Vice-President
Ritari – Recording Secretary
Bréfitari – Corresponding Secretary
Gjaldkeri – Treasurer
Lögsögumaður - Parliamentarian
Kjörnir fulltrúar - State officers
Stjórn – Administrative board
Framkvæmdaráð - Executive board
Kjörnir fulltrúar – Officers of State Organisations
Nýkjörnir landsforsetar – Incoming State Presidents

3. Deild – Chapter

Formaður deildar - Chapter president
Fyrsti varaformaður - First Vice-President
Annar varaformaður – Second Vice-President
Ritari – Recording Secretary
Bréfitari – Corresponding Secretary
Gjaldkeri – Treasurer
Lögsögumaður - Parliamentarian
Stjórn – Administrative board
Framkvæmdaráð - Executive board

Svæði – Region

Svæðisstjóri – Regional director
Svæðisráðstefna – International Conference
Stjórnunarnámskeið - Leadership Development Conference

Kjörtímabil – Biennial

Outgoing and Incoming Officers

Nefndir – Committees

Fastanefndir -Society committees
Vinnunefndir – Ad Hoc Committees

13.2 Siðir – Ceremonies/Rituals

Siðabók - Ceremonies

Inntaka – Initiation

Inntökunefnd – Initiation Committee

Inntökuathöfn – Initiation ceremony

Inntökubók – Official Initiate Register

Félagaskírteini – Membership Certificate

Innsetningarathöfn nýs formanns – Installation of Chapter Officer

Innsetningarathöfn nýrrar stjórnar – Installation of Officials

Stofnun deildar – Installation of Chapter

Minningarathöfn – Ceremony of Remembrance

13.3 Tákn samtakanna

Félagslykill – Key pin

Formannsnæla – Chapter president's pin

Fyrirverandi formannsnæla – DKG Past Chapter President pin

Forsetanæla – State president's pin

Fyrrverandi forsetanæla – DKG Past State President pin

Stofnfélaganæla – Founder's pin

Skjaldarmerki - Crest